

## Fyrirspurn

til innanríkisráðherra um gerð hættumats og viðbragðsáætlana á höfuðborgarsvæðinu.

Frá Ólínu Þorvarðardóttur.

1. Hvenær er áætlað að lokið verði við gerð heildstæðs hættumats fyrir eldgos á Íslandi í samræmi við samþykkt ríkisstjórnarinnar haustið 2011 og hvar er sú vinna nú á vegi stödd?
2. Hvað líður gerð hættumats og viðbragðsáætlana vegna yfirvofandi hættu, t.d. vegna náttúruhamfara á höfuðborgarsvæðinu, sbr. lög um almannavarnir, nr. 82/2008, og hvenær er áætlað að henni ljúki?
3. Hvaða hættumat og/eða viðbragðsáætlun er í gildi fyrir höfuðborgarsvæðið vegna hugsanlegra náttúruhamfara eða annarrar bráðrar almannahættu á meðan unnið er að nýju mati og áætlunum, sbr. svar ráðherra í 812. máli á 140. löggjafarþingi?
4. Hvaða viðvörðunarkerfi fyrir almenning er í gildi vegna skyndilegrar almannavár eftir að almannavarnaflautur borgarinnar voru aftengdar fyrir fáum árum?

Skriflegt svar óskast.